



Frá landsfundi Kvennalistans í Gerðubergi í Breiðholti nú um helgina. (Mynd: EÓI.)

Kvennalistinn

Þj. 17. 11. '87

Hlustum eftir eigin rödd

Yfir hundrað konur á landsfundi Kvennalistans. Stjórn málaályktun endar á ljóði: Allar konur taki höndum saman á eigin forsendum. Blaðamenn óvelkomnir

Þetta var mjög góður fundur, sagði Sigrún Jónsdóttir starfsmaður þingflokks Kvennalistans um landsfund hreyfingarinnar í Gerðubergi um helgina. Yfir 100 konur sóttu fundinn.

Óhefðbundin stjórn málaályktun fundarins hefur vakið athygli en hluti hennar er í bundnu máli. Um þetta segja Kvennalistakonur: „Það er hefð fyrir því að landsfundir stjórn málaaflokka sendi frá sér ávörp til þjóðarinnar. Samtök um Kvennalista sjá ekki ástæðu til að viðhalda þessari hefð óbreyttri. Stefna okkar birtist í vinnuáðferðum Kvennalistans, störfum hans og hugmyndum“.

Þá segir m.a. í ályktuninni: „Í lok landsfundarins liggur okkur hins vegar þetta á hjarta:

Samkeppnis- og eiginhagsmunakerfi karlveldisins sundrar konum. Kvennalistinn beinir eftirfarandi spurningu til allra kvenna, hvar sem þær eru og hverjar sem aðstæður þeirra eru: Er ekki kominn tími til að konur á öllum sviðum þjóðlífsins taki höndum saman á eigin forsendum? Er það ekki þannig, sem við getum leyst úr lædingi þá orku, sem ein verður til að bæta hag okkar?“

Í lok ályktunarinnar segir: „Hlustum eftir eigin rödd og á raddir hver annarrar. Hlustum á rödd skáldkonunnar Jórunnar Sörensen sem segir: ef þú gengur/ of lengi/troðna slóð/hættirðu að sjá/upp úr tröðunum/gakktu/ ótraud/beint af augum/þegar efsta tindi er náð/mun ekkert/skyggja á útsýni þitt/en hugaðu

að fótabúnaði þínum/áður en þú leggur í urðina.“

Á fundinum var talsvert rætt um þingflokk samtakanna, og kom fram sú skoðun í „grasrótinni“ að ekki heyrðist nægilega í fulltrúunum á þingi. Þingmenn samtakanna sögðu starf nýs þingflokks ekki enn fullmótað og létu í ljósi efasemdir um gagnsemi hefðbundinna þingstarfa.

Landsfundur Kvennalistans var auglýstur öllum opin, en blaðamönnum var þó vísað út þegar rætt var um stjórnarmyndunina í vor og stjórn málaályktunina. Hjá „gömlu“ flokkunum var áður lenska að útiloka blaðamenn frá landsfundum sínum, að hluta eða algerlega, en flokkarnir hafa nú í rúman áratug háð meginþing sín fyrir opnum tjöldum.

—K.Ól.—m